

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum og nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Lækjarmelur 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 28. nóvember 2007 breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðar að Lækjarmel 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vesturhús 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 28. nóvember 2007 breytingu á deiliskipulagi Húsahverfis vegna lóðar að Vesturhúsum 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Þingvað 37-59.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 12. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða að Þingvaði 37-59.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vík á Kjalarnesi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 4. október 2007 deiliskipulag fyrir jörðina Vík á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 21. desember 2007.*

**Ólöf Örvardsdóttir** aðstoðarskipulagsstjóri.